

Reglur um íþrótt- og tómstundastyrki Hvalfjarðarsveitar.

Hvalfjarðarsveit styrkir börn og ungmenni allt að 18 ára aldri til íþrótt- og tómstundaiðkunar með lögheimili í Hvalfjarðarsveit. Styrkirnir eru ætlaðir sem hvatning til frekari framfara og til að mæta útlögðum kostnaði vegna æfinga og keppni. Styrkina skal miða við almanaksárið.

Viðmiðunarreglur við styrkveitingu:

1. Hvalfjarðarsveit styrkir íþrótt- og tómstundaiðkun barna og unglunga í sveitarfélaginu með 70.000 kr. tómstundastyrk á ári.
2. Hvalfjarðarsveit styrkir íþrótt- og tómstundaiðkendur sveitarfélagsins til keppnisferða erlendis um 30.000 kr. á ári.
3. Hvalfjarðarsveit styrkir íþrótt- og tómstundaiðkendur í sveitarfélaginu til æfingaferða erlendis um 30.000 kr. á ári.
4. Styrkveitingar skv. 1. gr. eru ekki háðar fjölda umsókna á einstakling á ári.
5. Styrkveitingar skv. 2.-3. gr. eru veittar einu sinni á ári á hvern einstakling.
6. Umsóknir skulu berast frístunda- og menningarfulltrúa Hvalfjarðarsveitar ásamt kvittun og staðfestingu. Umsóknir skv. 2.-3. gr. þurfa að fylgja: Dagskrá æfinga/keppni og staðfesting um þátttöku. Frístunda- og menningarfulltrúi fer yfir umsóknirnar og afgreiðir þær.
7. Fjölskyldu- og frístundanefnd úrskurðar í álitamálum sem upp kunna að rísa við framkvæmd þessara reglna.